

Umsögn Samtaka fjártækniyrirtækja við

Frumvarp til laga um Greiðsluþjónustu

Samtök fjártækniyrirtækja hafa tekið framangreind drög að frumvarpi til skoðunar en frumvarpið felur í sér ný heildarlög um greiðsluþjónustu. Vert er að fagna því að frumvarpið liggi nú fyrir.

Samtök fjártækniyrirtækja eru fylgjandi innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt og telja mikilvægt að innleiðingu þeirra og tilheyrandi tæknistöðlum og regluverki verði hraðað eins og mögulegt er. Talsvert er síðan að tilskipunin tók gildi í Evrópu og nágrannalöndum okkar og hafa íslensk fjártækniyrirtæki ekki getað notið góðs af þeim breytingum sem lögin munu fela í sér, til jafns við fjártækniyrirtæki í Evrópu.

Samtökin voru búin að gera athugasemdir við frumvarpið í meðförum Fjármálaráðuneytisins og fagna því að tekið hafi verið nokkuð tillit til athugasemda samtakanna.

Ekki er miklu við að bæta utan þess að samtökin telja að rétt sé að halda sig við fyrri þýðingu á hugtakinu Sannvottun í 36. tl. 3. gr. frumvarpsins.

Sannvottun: Aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna að greiðslufyrirmæli hafi komið frá notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans.

Þessi þýðing er að mati samtakanna röng og ekki í samræmi við orðalag 29. tl. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Orðalag tilskipunarinnar geri beinlínis ráð fyrir að verið sé að sanna deili á notanda greiðsluþjónustu og heimild til notkunar á tilteknum greiðslumiðli, sbr.

‘authentication’ means a procedure which allows the payment service provider to verify the identity of a payment service user or the validity of the use of a specific payment instrument, including the use of the user’s personalised security credentials;

Þýðingin eins og hún var í fyrri frumvarpsdrögum var því raunar réttari að mati samtakanna, þó með þeirri breytingu sem er skáletruð hér á eftir, sbr.

Sannvottun: Aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu eða *heimild til* notkunar tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans.


Það er mat samtakanna að seinni þýðingin sé í meira samræmi við orðalag skilgreiningarinnar eins og hún kemur fram í tilskipuninni og nái frekar fram merkingu þess.

Samtökum fjártækniyrirtækja er eftir sem áður sérstaklega umhugað að lagasetningunni og meðfylgjandi regluverki verði fylgt eftir eins hratt og hægt er. Það er sérstaklega mikilvægt að mati Samtaka fjártækniyrirtækja að *tæknistöðlum fyrir sterka sannvottun og örugga sameiginlega opna samskiptastaðla* verði fylgt vel eftir, svo að fjártækniyrirtæki geti farið að nýta sér sem fyrst þær nýju þjónustur sem verða í boði eftir setningu laganna.

Að endingu vilja Samtökin leggja áherslu á að þau eru reiðubúin að funda með nefndinni til að veita frekari útskýringar á athugasemdum félagsins. Þá er óskað eftir því að haft verði samráð við samtökin ef til stendur að breyta frumvarpinu á síðari stigum eða ef nefndin telur þörf á viðræðum um ákveðin atriði laganna.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka fjártæknifyrirtækja



Sverrir Hreiðarsson